

Grásleppuhópur 2019, áfangaskýrsla

Í erindi skrifstofustjóra, Jóhanns Guðmundssonar, dags. 9. október 2019, kom fram að ráðherra hefði hug á að koma á fót sérstöku eftirlitsverkefni á komandi grásleppuvertíð, „enda það ástand sem við búum við í dag varðandi meðafla í þessum veiðum ekki viðunandi“, eins og sagði í erindinu. Er þar vísað til skýrslu Hafrannsóknastofnunar um meðafla fugla og sjávarspendýra í grásleppuveiðum 2014-2018.

Leitað var til Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Landhelgisgæslu Íslands um að tilnefna fulltrúa í óformlegan vinnuhóp um það hvernig draga megi úr meðafla með grásleppuveiðum, einkum spendýra og fugla.

Í vinnuhópnum eru:

Frá Fiskistofu: Viðar Ólason.

Frá Hafrannsóknastofnun: Guðjón Már Sigurðsson, James Kennedy og Þorsteinn Sigurðsson, en Guðmundur J. Óskarsson í stað Þorsteins eftir starfslok hans.

Frá Landhelgisgæslunni: Snorre Greil. Birgir H. Björnsson sat fund nr. 2.

Frá ANR: Guðmundur Jóhannesson og Sigurgeir Þorgeirsson, formaður.

Helstu atriði úr erindisbréfi.

Sérstakt eftirlitsverkefni á næstu vertíð; -gæti falið í sér tímabundna fjölgun eftirlitsmanna.

Skoða úrræði sem núgildandi lög og reglur fela í sér.

Styrkja tölfræðigrunn Hafrannsóknastofnunar; -treysta marktækni á mati á meðafla og hvaða rannsóknir þarf til að styrkja grunninn.

Eyða tortryggni veiðimanna í garð matsins og fá þá til að bæta skráningu.

Starf hópsins.

Vinnuhópurinn hefur haldið þrjú fundi, auk þess sem upplýsinga hefur verið aflað milli funda. Aðaláherslan hefur verið á átaksverkefni í eftirliti og hvernig fá megi sjómenn til að bæta meðaflaskráningu.

Átaksverkefni í eftirliti með grásleppuveiðum 2020.

Í samræmi við erindisbréf fjallaði hópurinn um hvernig skipuleggja mætti sérstakt átaksverkefni í eftirliti með grásleppuveiðum á næstu vertíð með það í huga að mæta þeirri gagnrýni sem fram hefur komið af hálfu veiðimanna. Sú gagnrýni hefur einkum beinst að því að eftirlitsferðirnar séu fáar og endurspegli engan veginn sóknarþunga í veiðunum. Uppreikningur á eftirlitsferðunum gefi alls ekki rétta mynd af raunverulegum meðafla, tölurnar séu mjög útkar. Við skipulag átaksins verði áhersla lögð á eftirfarandi:

- Höfð verði hliðsjón af skýrslu Hafrannsóknastofnunar um meðafla fugla og spendýra 2014-2018.
- Áætlun um eftirlit miðist við fullnægjandi þekju til að verða tölfræðilega marktækt.
- Eftirlitið verði skipulagt eftir svæðum og útgerðarstöðum innan svæða.
- Tíðni eftirlits á hverju svæði endurspegli áætlaða hlutdeild svæðisins í heildarsókn.
- Eftirlit á hverju svæði dreifist á tímabilið í réttu hlutfalli við áætlaða sókn.

- Hafró útbúi eftirlitsáætlun og hafi samráð við Fiskistofu og Landhelgisgæsluna.
- Hagkvæmstu leiða verði leitað við skipulagningu eftirlitsins, m.a. með samstarfi við Landhelgisgæslu Íslands.
- Taka þarf tillit til þess hvað raunhæft er að fjölga eftirlitsmönnum, en notkun báta mundi draga úr þeirri þörf.

Fram kom að æskilegt væri að eftirlitið næði til 10% af veiðiferðum, og það væri viðmið gagnvart US-Marine Mammal Protection Act, en það mundi þýða mikinn viðbótarkostnað, auk þess sem óvíst væri hvort hægt yrði að manna slíkt eftirlit. Venjubundið eftirlit Fiskistofu er að jafnaði um 1%, en með sérstöku átaki 2018 fór það yfir 2% Fulltrúum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu var falið að gera tvenns konar eftirlitsáætlun og kostnaðaráætlun í samráði við Landhelgisgæsluna, annars vegar miðað við 5% þekju og hins vegar 10% þekju.

Eftirlitsáætlun fyrir 5% þekju, sem sýnir fjölda róðra eftir svæðum og frá einstökum útgerðarstöðum eftir mánuðum, fylgir með í viðauka 1. Þar er alls gert ráð fyrir 202 eftirlitsferðum, sem Fiskistofa telur að hún ráði við án þess að ráða nýja eftirlitsmenn, en lítið annað sjóeftirlit mun þá fara fram á sama tíma. Kostnaðarauki við 5% þekju er áætlaður um 6.855 þús. kr.

Taflan hér að neðan sýnir fjölda veiðiferða eftirlitsmanna með grásleppubátum undanfarin 4 ár. Árin 2017 og 2018 var eftirlit aukið að beiðni ANR. Út frá þessu er áætlað að venjubundið eftirlit Fiskistofu með grásleppuveiðum sé um 50 ferðir á ári.

Fjöldi eftirlitsferða með grásleppuveiðum 2016 til 2019:

Ár	2016	2017	2018	2019
Fjöldi ferða	56	70	112	36

Að mati vinnuhópsins þarf að lágmarki að ná 5% þekju við eftirlit á næstu vertíð ef átakið á að ná tilætluðum árangri, þ.e. minnst 202 eftirlitsferðir.

Bætt meðaflaskráning.

Vitað er að skráningu á meðafla spendýra og fugla með grásleppuveiðum er mjög ábótavant, auk þess sem sterkar vísbendingar eru um umtalsvert brottkast á öðrum fiski, aðallega þorski.

Eitt af því sem grásleppusjómenn hafa kvartað yfir er að form afladagbókar fyrir spendýr og fugla hafi verið ófullnægjandi, og eins að það sé ekki alltaf auðvelt að greina sundur einstakar tegundir sela og vissra fugla, þegar dýrin eru losuð dauð úr netum.

Fiskistofa hefur um skeið verið að þróa sk. afladagbókarapp fyrir snjallsíma. Fulltrúar hópsins fengu kynningu á þessu appi, sem á að verða tilbúið nú í árslok, og ætlast er til að verði komið í gagnid hjá grásleppusjómönnum fyrir næstu vertíð. Appið virðist vera fullnægjandi varðandi alla meðaflaskráningu, en nauðsynlegt verður að kynna það vel.

Fulltrúar hópsins áttu einnig fund með formanni, fyrrv. formanni og framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda, þar sem farið var yfir öll þessi mál, þeim kynnt fyrirhugað eftirlitsátak og einnig hvatt til samstarfs um að bæta meðaflaskráningu sjómanna.

Lagt er til að skipulögð verði fundaðerð fyrir upphaf grásleppuvertíðar með fulltrúum ANR, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og LS, þar sem verði hamrað á mikilvægi þess að bæta skráninguna, appið verði kynnt og sjómenn fræddir um alvarleika stöðunnar hvað varðar meðafla spendýra og fugla.

Þá verði Hafrannsóknastofnun falið að útbúa plöstuð myndaspjöld með fugla- og selamyndum, sem sjómenn geta haft með sér til að auðvelda tegundagreiningu. Þessum spjöldum verði dreift á fundunum.

Aðrar mögulegar ráðstafanir.

Vinnuhópurinn ræddi mögulegar breytingar á fyrirkomulagi grásleppuveiða er varða bæði lög og reglugerðir. Ekki eru gerðar tillögur í þessum efnum, en eftirfarandi ábendingar settar fram til skoðunar.

Hlutdeildarsetning grásleppu.

Hópurinn er sammála um að hlutdeildarsetning mundi auka sveigjanleika sjómanna í skipulagi veiða, með því að veiðarnar væru ekki lengur bundnar dagafjölda, og við það væri líklegt að sjómenn gætu fremur sneitt hjá óæskilegum meðafla.

Fjöldi daga sem net mega liggja í sjó án vitjana.

Hópurinn fékk kynningu á gögnum frá Hafrannsóknastofnun, sem sýna fram á að veiðanleiki neta er mestur fyrst og fer minnkandi dag frá degi. Þetta var rætt við forsvarsmenn LS, sem staðfestu það sem sagt var um veiðanleika netanna. Á hinn bóginn sögðu þeir, að sjómenn vitjuðu almennt orðið um netin á eins til tveggja daga fresti, vegna þess að það væri hagkvæmt, og töldu enga ástæðu til að breyta reglunum.

Í greiningu Hafrannsóknastofnunar kemur eftirfarandi fram:

Samkvæmt afladagbókum grásleppubáta er 30% neta vitjað á eins til tveggja daga fresti en 60% á þriggja daga fresti eða oftar. Gögnin sýna einnig að veiðanleiki netanna minnkar með tímanum, þannig að lítill munur er á veiði eftir tvo eða fjóra daga. Liggi netin í fjóra daga skemmist þorskur og annar meðafla, en grásleppan er þolnari og getur lifað af fjóra daga í netum.

Stytting tíma milli vitjana eykur veiði, þ.e. net sem vitjað er um á tveggja daga fresti yfir ákveðið tímabil skilar meiri afla en net sem vitjað er um fjórða hvern dag á sama tíma. Ætla má að

margfeldið af fjölda báta, neta og veiðidaga, þ.e. heildar “netadagar”, hafi áhrif á það hversu mikið af fugli og spendýrum veiðist í netin. Með því að breyta vissum þáttum í veiðireglugerðum má fækka netum án þess að minnka afla. Með því að stytta tíma milli vitjana úr fjórum dögum í tvo og stytta hámarks lengd neta úr 7500 m í 3250 m en fjölga um leið veiðidögum í 63, mundi “netadögum” fækka í heild um 30% án þess að grásleppuafli minnkaði. Þetta mundi að líkindum fækka fuglum og spendýrum í netum og einnig minnka magn af skemmdum þorski. Gallinn við þessa breytingu er að veiðiferðum mundi fjölga og olíunotkun aukast m.v. sama afla, og einnig yrði meiri skörun milli gásleppuveiða og strandveiða. Þá má nefna að þeir sjómenn sem nú þegar vitja neta sinna daglega eða á tveggja daga fresti munu tapa eitthvað vegna færri neta.

Í ljósi þessara upplýsinga telur vinnuhópurinn vafalítið að tíðari vitjanir og fækkun neta muni draga úr óæskilegum meðafla og bæta þannig umgengni við auðlindina, og leggur hópurinn til að reglum verði breytt í þá veru.

Kvótaleigupottur.

Það kom fram hjá forsvarsmönnum LS, að meginástæðan fyrir brottkasti á þorski væri sú að oft væri engan kvóta að fá á markaði, og því ættu kvótalausir grásleppusjómenn engra kosta vól.

Eftirtaldar ráðstafanir eru grásleppusjómönnum almennt tiltækar:

Tegundatilfærsla. Þeir grásleppubátar, sem eru með aflamark í botnfiski, geta nýtt sér tegundatilfærslu sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Sú heimild nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski.

VS-aflí. Öllum bátum er heimilt að ákveða að hluti aflans, allt að 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla reiknist ekki til aflamarks sbr. 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006.

Selbitinn og skemmdur aflí. Í 4. gr. reglugerðar nr. 468/2013, um nýtingu afla og aukaafurða, segir:

Komi aflí í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og sem ekki er unnt að komast hjá við tiltekna veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks skipsins.

Þessum afla skal haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega.

Afla þennan er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.

Þrátt fyrir þessa möguleika er ljóst, að hafi grásleppusjómenn ekki kvóta í botnfiski, einkum þorski, mun brottkast verða viðvarandi vandamál. Hópurinn telur því að skoða eigi hvort rétt sé að taka til hliðar einhvern hluta af „5,3%-aflanum“ og setja í sérstakan pott fyrir grásleppusjómenn, sem mundu leigja úr honum á markaðsverði.

11. desember 2019,

f. h. vinnuhópsins,

Sigurgeir Þorgeirsson